

Nr. 593

5. júní 2018

AUGLÝSING um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi:

Melás 9, óveruleg breyting á deiliskipulagi Ása (Hraunsholt vestri).

Breytingin gerir ráð fyrir því að einbýlishús verði tvibýlishús. Bílastæðum fjölgar um 1 og verða eftir breytingu 3 bílastæði við húsið.

Kinnargata, óveruleg breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.

Gert er ráð fyrir númerabreytingum í Kinnargötu og munu hús nr. 19-25 verða nr. 19 og hús nr. 27 verða nr. 21.

Hraungata, óveruleg breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.

Gert er ráð fyrir númerabreytingum í Hraungötu og munu húsín nr. 2-8 verða nr. 2-6, hús nr. 10 verður nr. 8, hús nr. 12 verður nr. 10, hús nr. 14 verður nr. 12 o.s.frv. að húsi nr. 28 sem verður nr. 26.

Dýjagata, óveruleg breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.

Gert er ráð fyrir númerabreytingum í Dýjagötu og munu húsín nr. 2-8 verða nr. 2-6, hús nr. 10 verður nr. 8, hús nr. 12 verður nr. 10, hús nr. 14 verður nr. 12, hús nr. 16 verður nr. 14, hús nr. 18 verður nr. 16 og hús nr. 20 verður nr. 18.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 5. júní 2018.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. júní 2018